

Alþingi
Erindi nr. P 143/705
komudagur 16.12.2013



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2013

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til fjárlaga 2014, þingskjal 2. 2. mál.

Tekjuskattur

Samkvæmt frumvarpinu á að lækka skattprósentu í miðprepi tekjuskatts einstaklinga um 0,8% eða úr 25,8% í 25%. Breytingin er jákvæð fyrir fólk með tekjur yfir 240.000 kr. Það á ekki við um meginþorra örorkulífeyrisþega, þar sem þeir eru með lægri tekjur og mun skattalækkunin því ekki gagnast þeim. Miðgildi heildartekna örorkulífeyrisþega fyrir skatt var í janúar 2013 kr. 218.959. Ríflega helmingur örorkulífeyrisþega greiðir því eingöngu tekjuskatt í neðsta skattþrepi.

Tillaga ÖBÍ:

Til að ná til stærri hóps skattgreiðenda og þá einnig til lágtekjufólks leggur ÖBÍ fram þá tillögu að í stað 0,8% lækkun skattprósentu í miðprepi verði lækkunin tvískipt. Annars vegar 0,3% lækkun í miðprepi og hins vegar 0,5% lækkun í fyrsta þrepi.

Minnt er á að nær allar greiðslur til lífeyrisþega eru skattlagðar og á það einnig við um félagslega aðstoð, s.s. uppbætur á lífeyri, sem greiddar eru vegna útlagðs kostnaðar og uppbætur til hreyfihamlaðra vegna reksturs bifreiðar. ÖBÍ telur brýnt að endurskoða þessa skattlagningu með það fyrir augum að minnka skattbyrði á uppbætur vegna útlagðs kostnaðar. Dæmi um uppbætur á lífeyri vegna útlagðs kostnaðar má nefna: Kaup á heyrnatækjum, lyfjum, rafmagnsskostnaður vegna súrefnissíu og umönnun í heimahúsi. Í dag er því þannig háttað að viðkomandi leggur út fyrir kostnaði fyrir þessum varningi eða þjónustu. Í einhverjum tilvikum endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins (TR) viðkomandi útlagaðan kostnað í formi mánaðarlegrar uppbótar en af uppbótinni (endurgreiðslunni) er tekinn 37,34% skattur líkt og um tekjuskattsskyldar greiðslur væri að ræða. Hér er í raun um að ræða endurgreiðslu vegna útlagðs kostnaðar og ætti að greiðast til baka sem slíkt, en ekki sem tekjuskattsskyldar greiðslur.

Fjármagnstekjur

Hækkun frítekjumarks vegna fjármagnstekjuskatts á að hækka úr 100.000 kr. í 125.000 kr. Slík breyting er vissulega jákvæð en hefur engin áhrif á megin þorra örorkulífeyrisþega, þar sem fjármagnstekjur þeirra eru langt undir ofangreindum upphæðum og hafa lækkað verulega síðustu ár. Rúmlega 67% örorkulífeyrisþega

(tveir þriðju) eru með fjármagnstekjur undir 10.000 kr. á ári. Meðaltal fjármagnstekna örorkulífeyrisþega lækkaði úr 34.025 kr. á ári (maí 2008) í 7.374 kr. í janúar 2013.

Barnabætur

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga verða viðmiðunarfjárhæðir barnabótakerfisins ekki uppfærðar í samræmi við verðlag og því óbreyttar í krónum talið milli ára. Hér er því um raunlækkun barnabóta að ræða, sem er mjög miður, enda er stuðningur við barnafjölskyldur og þá sérstaklega foreldra með lágar tekjur mjög mikilvægur. ÖBÍ lýsir ánægju með bráðabirgðaákvæði um að óheimilt sé að skuldajafna barnabótum á móti opinberum gjöldum sé framlengt út árið 2014.

Vaxtabætur

ÖBÍ lýsir ánægju sinni með tillögu um framlengingu á bráðabirgðaákvæði um vaxtabætur og tryggja eigi með því að vaxtabætur lækki ekki verulega um næstu áramót. Mikilvægt er að vaxtabótunum sé sérstaklega beint til þeirra fjölskyldna sem eru með lægri tekjur og eignir. Enn fremur er gert ráð fyrir að viðmiðunarfjárhæðir vaxtabótakerfisins verði ekki uppfærðar í samræmi við verðlag og verða því óbreyttar í krónum talið milli ára en við, sem er miður. ÖBÍ telur að hækkun viðmiðunarfjárhæða vaxtabótakerfisins sé nauðsynleg, enda hafi húsnæðiskostnaður hækkað langt umfram áætlanir.

Leigumarkaður og húsaleigubætur

Huga þarf sérstaklega að íbúum á leigumarkaði og þeirri alvarlegu stöðu sem er á húsnæðismarkaði. Leiguverð hefur hækkað mikið síðustu ár, mun meira en verðlag. Leigutakar þurfa því að verja sífellt stærri hluta tekna sinna í leigugreiðslur. Á þetta sérstaklega við örorkulífeyrisþega, en hlutfall þeirra á leiguhúsnæði er og hefur verið mun hærra en hjá þjóðinni í heild¹. Húsaleigubótakerfið er lágtekjumiðað og eru örorkulífeyrisþegar stór hluti þeirra sem þiggja bæði almennar (24,7%) og sérstakar húsaleigubætur (37,6%)² þrátt fyrir að meðalaldurinn sé hærri meðal þeirra „enda búa margir þeirra við það bág kjör að þeir eiga ekki kost á að kaupa sér húsnæði.“³ Mikilvægt er að lækka umtalsvert hlutfall ráðstöfunartekna lágtekjufólks, þar á meðal örorkulífeyrisþega, sem fer í húsnæðiskostnað. Er það helst gert með því að hækka ráðstöfunartekjur þessara hópa jafnframt því að efla húsnæðisstuðninginn. Í því skyni er mikilvægt að hækka grunnupphæðir húsaleigubóta á árinu 2014 og tryggja að þær fylgi verðlagsþróun húsaleigu með því að tengja þær vísitölu neysluverðs.

Fjármagn í verkefni sem ekki er getið til um í fjárlögum 2014

Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur unnið mjög gott forvarnarstarf með því að sinna greiningu, ráðgjöf, meðferð og fræðslu vegna barna sem glíma við frávik eða aðra erfiðleika í þroska, hegðun eða líðan. Snemmtæk íhlutun eins og stöðin sinnir kemur oft í veg fyrir að þörf sé á úrræðum fyrir einstaklinga seinna á ævinni og þá í mörgum tilvikum mun dýrari úrræði. Löng bið er eftir greiningu Þroska- og hegðunarstöðvarinnar og vill því Öryrkjabandalag Íslands

¹ Sbr. tölur úr skýrslu Guðrúnar Hannesdóttur Lífskjör og hagir öryrkja frá Október 2010.

² Sérstakar húsaleigubætur eru ekki greiddar í öllum sveitarfélögum og sem dæmi í Reykjavík eru þær ekki greiddar til leigjenda félagslegs húsnæðis sem rekiðer að öðrum en Félagsbústöðum.

³ Skýrsla um útgreiðslu húsaleigubóta. Kolbeinn H. Stefánsson. Unnið fyrir samráðsnefnd um framkvæmd laga og reglugerða um húsaleigubætur.

hvetja stjórnvöld til að setja fjármagn í það forvarnarstarf sem þarna er unnið þannig að hægt sé að vinna á biðlistum og styrkja áframhaldandi starf stöðvarinnar.

Að lokum vil ég minna ríkisstjórnina á að forgangsraða í þágu velferðar og að líta til tekjulægsta hópsins sem eru lífeyrisþegar í flestum tilvikum. Af hálfu ÖBÍ er ég reiðubúin að koma að slíkri forgangsráðun með ríkisstjórninni.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ